

# MICROSOFT TEAMS OG STARFAPRÓFÍLL LEIÐBEINANDA Í FULLORÐINSFRÆÐSLU

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

**FRÆÐSLUAÐILI:** MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

**ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS:** 1/3/2022

**FORGANGSSVIÐ:** STAFRÆN OG/EDA GRÆN HÆFNIUPPBYGGING Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

---

## HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Microsoft Teams og starfaprófill leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

---

## UM VERKEFNIÐ

Hannað verður þriggja daga fjarnámskeið þar sem tvinnnað verður saman æfingu í notkun á Microsoft Teams fyrir fjarkennslu þar sem lögð verður áhersla á virkni og þátttöku. Hluti af verkefninu verður að tilraunakenna námskeiðið.

---

## MARKMIÐ VERKEFNIS

Námskeið hannað í þeim tilgangi að undirbúa og styrkja leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu fyrir árangursríka fjarkennslu á netinu með Microsoft Teams sem kennslukerfi. Sérstök áhersla verður lögð á að læra hæfniviðmið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur gefið út.

---

## HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSADILAR?

Hrannar Baldursson er umsjónarmaður. Honum innan handar með ráðgjöf og rýni verða Nanna Bára Maríasdóttir verkefnastjóri á fyrirtækjasviði, Hólmfríður Karlsdóttir deildarstjóri fræðslu og Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður. Hróbjartur Árnason verður ráðgjafi, hann leiðir nám í fullorðinsfræðslu hjá Menntavísindastofun Háskóla Íslands.

---

## HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Hæfni leiðbeinenda mun eflast sem mun gagnast markhópi framhaldsfræðslunnar í kennslu, auka fjölbreytni kennsluaðferða, styrkja sjálfstraust og bæta gæði í fjarkennslu. Námskeiðið mun þjálfa leiðbeinendur í notkun Teams sem kennslutækis, skipuleggja og framkvæma námskeið og rannsaka af dýpt hæfniþætti leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu.

---

## HVERJAR VERÐA LOKAÁFURÐIR VERKEFNISINS?

Þriggja daga námskeið þar sem markhópurinn er leiðbeinendur og verkefnastjórar í fullorðinsfræðslu.

